

launaflokkir svo og laun fyrir umfrámkennslu fyrir nefnt tímabil, eða samtals kr. 349.016, eins og rakið er í aðiljaskýrslu launa- deildar fjármálaráðuneytisins, en tölulegum útreikningum í aðiljaskýrslunni hefur ekki verið mótmælt af stefnanda hálfu. Í aðiljaskýrslu stefnda er hins vegar viðurkennt, að stefnanda hafi borið í laun á margnefndu tímabili samtals kr. 361.489. Það hefur hins vegar engin áhrif á úrslit þessa máls, þar sem stefnandi fékk greiddar kr. 425.686 á tímabilinu. Þer samkvæmt þessu að taka sýknukröfu stefnda til greina, enda verður eigi á það fallist með stefnanda, eins og á stendur, að greiðsla kennaralaunanna til hans til loka júlímánaðar, sem greidd var án fyrirvara, leiði til þess, að hann geti nú sótt hina umstefndu fjárhæð úr hendi stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Guðmundssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 22. nóvember 1978.

Nr. 200/1978. Sementsverksmiðja ríkisins  
gegn  
siglingamálastjóra.

Kærumál. Siglingadómur. Frávisunardómur staðfestur.

#### Dómur Hæstaréttar.

Dóm þennan kveða upp hæstaréttardómararnir Ármaun Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 2. nóvember 1978, sem barst Hæstarétti 20. s. m. Krefst hann þess, að frávisunardómur siglingadóms 26. október 1978

verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir dóminn að dæma um efni máls.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst 30.000 krónur.

### D ó m s o r ð :

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Sementsverksmiðja ríkisins, greiði varnaraðilja, siglingamálastjóra, kærumálskostnað, 30.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur siglingadóms 26. október 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 23. þ. m., er höfðað fyrir siglingadómi með stefnu, birtri 21. júní 1978.

Sóknaraðili málsins er Sementsverksmiðja ríkisins, Akranesi.

Varnaraðili er siglingamálastjóri, Reykjavík.

### I.

Í stefnu er þess getið, að siglingamálastjóra sé stefnt fyrir siglingadóm samkvæmt ákvæðum 43. gr. laga nr. 52/1970 um eftirlit með skipum.

Í stefnu er málavöxtum og kröfugerð þannig lýst:

„Sementsverksmiðja ríkisins lét smíða nýtt sementsflutningaskip hjá Þorgeiri og Ellert h.f. á Akranesi. Martin A. Nielsen, Kaupmannahöfn, hannaði skipið, og munu endanlegar teikningar og smíðalýsingar hafa legið fyrir í apríl til maí 1974. Endanlegum frágangi mun hafa verið lokið á fyrstu mánuðum ársins 1977, og skv. upplýsingum siglingamálastjóra fór aðalskoðun og mæling fram 25. marz 1977, og var síðan gefið út haffæriskírteini 16. maí 1977 og mælingabréf daginn eftir.

Einum mánuði eftir að skoðun og mæling var framkvæmd, nánar tiltekið 26. apríl 1977, löggilti aðstoðarsiglingamálastjóri, Páll Ragnarsson, eftirlitsbók og dagbók skipsins, sem þá hafði fengið nafnið M/S SKEIÐFAXI. Í báðum þessum skjölum er

þess getið, að skipið sé 385 rúmlestir að stærð. Hins vegar kemur fram í mælingabréfi og haffæriskirteini, sem undirrituð eru af Hjálmari R. Bárðarsyni, siglingamálastjóra, 17. maí 1977, 20 dögum síðar, að skipið sé 419,26 rúmlestir.

Eins og fram kemur á bókun stjórnar Sementsverksmiðjunnar, dags. 11. 2. 1978, hafði það frá öndverðu verið ætlun stjórnarinnar, að smíði M/S Skeiðfaxa yrði hagað þannig, að stærð skipsins yrði undir 400 rúmlestum. Ástæðurnar til þess voru m. a. þessar:

- 1) Ýmis konar opinber gjöld af skipinu eru miðuð við rúmlestatölu. Breytingar til hækkunar á sumum þessara gjalda eru miðaðar við breytingar á hverjum 100 tonnum, þannig að gjöldin eru lægri á skipi, sem er mælt á milli 300 til 400 rúmlesta heldur en á skipi, sem er mælt á millibílinu 400 til 500 rúmlesta.
- 2) Skv. 21. gr. laga nr. 69/1973 er skylda að hafa 3 stýrimenn á verzlunarskipi í innanlandssiglingum, sem er 400 rúmlestir eða stærra, en aðeins 2 stýrimenn, sé skipið undir 400 rúmlestum. Með tilvísun til 23. gr. sömu laga hefur reynst auðvelt að fá undanþágu um, að skipið hefði einum stýrimanni færri en lögin gera ráð fyrir, enda er skipið aðeins notað til siglinga milli Akraness og Reykjavíkur.
- 3) Ráðinn hafði verið skipstjóri, sem hafði rétt til að stjórna skipi 400 smálestir eða minna.

Stjórn Sementsverksmiðjunnar telur sig hafa haft fullgilda ástæðu til að ætla, að skipið yrði innan við 400 rúmlestir, og lítur svo á, að mæling sú, sem fram kemur á mæliskirteininu, sem fyrr er dregið á (419,26 rúmlestir), sé byggð á röngum grundvelli.

Skal hér minnst á helstu atriðin því til sönnunar:

a) Áður hefur verið minnst á það, að Siglingamálastofnunin löggildir eftirlitsbók og dagbók skipsins mánuði eftir að mæling er framkvæmd og getur þess þar, að skipið sé 385 rúmlestir. Þegar svo mælingabréfið er útgefið 3 vikum síðar, hefur rúmlestafjöldinn verið hækkaður, sbr. ofanritað. Þarna virðist því hafa verið gerð skyndibreyting, sem að dómi stjórnar Sementsverksmiðjunnar og þeirra sérfræðinga, sem hún byggir álit sitt á, sé byggð á röngum forsendum.

b) Skipaverkfræðingur sá, sem á vegum Sementsverksmiðjunnar hafði eftirlit með byggingu skipsins, lýsir því í bréfi sínu,

dags. 4. apríl 1978, að hann hafi, þegar endanleg teikning og smíðalýsing af skipinu kom frá Danmörku í apríl til maí 1974, áætlað mælingu skipsins skv. þeim gögnum, sem hann þá hafði í höndum, og komist að þeirri niðurstöðu, að skipið yrði á bilinu 380 til 385 rúmlestir.

c) Þáverandi mælingamaður Siglingamálastofnunarinnar, Páll Hjartarson, skipatæknifræðingur, fellst á ofangreint sjónarmið skipaverkfræðingsins. Takist mér ekki að afla vottorðs frá honum um þetta atriði, er þess vænst, að hann verði kallaður fyrir Siglingadóminn til þess að gefa skýrslu.

d) Magnús Kristjánsson, sem starfaði sem mælingamaður Siglingamálastofnunarinnar í mörg ár næst á undan Páli Hjartarsyni, mun hafa staðfest þessa skoðun tveggja hinna síðastnefndu. Takist mér ekki að afla vottorðs frá honum, er þess vænst, að dómstólinn kalli hann fyrir sig og láti hann gefa skýrslu.

e) Skv. 2. gr. laga nr. 50/1970 um skipamælingar skal skip mæla skv. þeim alþjóðasamþykktum, sem á hverjum tíma gilda um mælingu skipa og Ísland er aðili að. Það er viðurkennt af Siglingamálastofnuninni, að um mælingu þessa skips hafi verið farið eftir reglum um skipamælingar, sem er að finna í b-deild Stjórnartíðindanna 1967, nr. 167. Sú reglugerð hefur verið í gildi, og er enn í gildi. Um það mun enginn ágreiningur vera milli aðilanna.

Deilan snýst aðallega um það, hvort mæla skuli með gáma þá, sem settir voru ofan á skipið, en nánari lýsingu á því er að finna í álitargerð Agnars Erlingssonar skipaverkfræðings, sem fylgir skjali þessu. Gámarnir eru 4, og hef ég gert ráðstafanir til þess að útvega teikningar af skipinu siglingadómsmönnum til glöggvunar.

Svo er að sjá, að Jón Wíum, stýrimaður, sem tók við starfi mælingamanns hjá Siglingamálastofnuninni af Páli Hjartarsyni skipatæknifræðingi, sé á annari skoðun en þeir Páll Hjartarson og Magnús Kristjánsson, fyrrverandi mælingamenn, um það atriði, hvernig túlka beri 57. gr. reglugerðar nr. 167/1967. Virðast skoðanir Jóns Wíum vera samhljóða skoðunum Páls Ragnarssonar aðstoðarsiglingamálastjóra.

Í 57. gr. eru talin upp lokuð rúm, sem *ekki* eru tekin með í brúttórúmlestatölu. Segir þar í byrjun greinarinnar, að þau rúm, sem tilgreind séu í tölulið 1 til 10 og staðsett séu fyrir ofan hið raunverulega efra-þilfar, skuli *ekki* taka með í brúttórúmlesta-

tölu. Í 10. tölulið eru talin upp farmrúm, ef þau eru ekki notuð eða tekin til flutnings á *fljótandi farmi eða gasi án umbúða*.

Skv. almennum lagaskýringum liggur það alveg ljóst fyrir, að gámar þessir, sem staðsettir eru fyrir ofan hið raunverulega efrabílfar, eiga ekki að reiknast með í brúttórúmlestatölu skipsins. Siglingamálastofnunin virðist sniðganga þetta ákvæði reglugerðarinnar.

f) Að sjálfsgöðu ber að fara eftir gildandi alþjóðlegum mælingareglum. Spurningin er því: Hefur það verið gert? Siglingamálastofnunin hefur haldið því fram, að bæði norsku og dönsku siglingamálastofnanirnar beiti sömu reglum um mælingu skipa og hún hefur gert í þetta sinn. Jafnvel þó þetta sé rétt, sem siglingamálastjóri væntanl. upplýsir og sannar undir rekstri málsins, þá sker það ekki úr um réttmæti mælingarinnar.

Norskir eða danskir siglingamálastjórar eru settir skör lægra en íslenskur siglingadómur. Ef fyrir lægi yfirmat og mæling norsks eða dansks siglingadóms um það, hvernig túlka skuli ákveðnar greinar í lögum eða reglugerðum, sem eru samhljóða þeim íslenzku, horfði málið öðruvísi við, þannig að íslenskur dómstóll gæti haft hliðsjón af slíkum dómum, en mér vitanlega liggur ekkert slíkt fyrir. Íslenskur dómstóll hlýtur því ávallt að túlka sjálfstætt íslensk lög og reglugerðir.

Samkv. því, sem hér hefur verið rakið, gerir útgerðaraðili M/S Skeiðfaxa, Sementsverksmiðja ríkisins, Akranesi, sbr. 18. gr. laga nr. 52/1970, þá kröfu, sem byggist á 21. gr., sbr. 39. gr. sömu laga, að siglingadómur kveði svo á, að yfirskoðun og mæling skuli fara fram og að dómurinn annist yfirskoðun sjálfur eða kveðji til sérstaka yfirskoðunarmenn, ef honum þykir þess þörf.

## II.

Varnaraðili hefur í greinargerð, dagsettri 12. september 1978, gert þær dómkröfur að svo stöddu, að máli þessu verði vísað frá siglingadómi og að sóknaraðili verði dæmdur til þess að greiða varnaraðilja málskostnað að mati dómsins, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður. Í greinargerðinni er frávísunarkrafa varnaraðilja m. a. studd þessum rökum:

„Ég mótmæli því eindregið, að virðulegur siglingadómur hafi dómsögu í máli þessu.

Í stefnu er siglingamálastjóra stefnt fyrir siglingadóm skv. ákvæðum 43. gr. laga nr. 52/1970 um eftirlit með skipum. Þar

er fjallað um mál, sem höfðuð eru samkvæmt 21. eða 37. gr. laganna um eftirlit með skipum, en þær greinar eru um skoðun skipa og ágreining vegna skoðunargerðar samkv. þeim lögum (nr. 52/1970) svo og um farbann, sem lagt hefur verið á skip. Í stefnunni kemur hins vegar fram, að hér er enginn ágreiningur um skoðun skipsins né annað það, er varðar lögin um eftirlit með skipum.

Lögin um eftirlit með skipum fjalla í IV. kafla um *skoðun skipa*, og 21. gr. segir:

„Synji siglingamálastjóri um skoðun, þegar hennar er krafist samkvæmt b-lið 18. gr., eða telji einhver þeirra aðila, sem þar um ræðir, sig eigi geta unað úrslitum skoðunargerðar, getur sá, er telur sig vanhaldinn, stefnt ágreiningnum fyrir siglingadóm, sbr. 39. gr.“

Hér eru málavextir þeir, að siglingamálastjóri hefur ekki synjað um neina skoðun, og ekki er vitað til, að um nokkra skoðunargerð á skipinu sé ágreiningur, enda hefur skipið fengið fulla skoðun samkvæmt lögum um eftirlit með skipum. Sementsverksmiðja ríkisins sem eigandi M/S „SKEIÐFAXA“ telur hins vegar, að mæling skipsins sé ekki rétt samkvæmt alþjóðasamþykkt þeirri um mælingu skipa, sem Ísland er aðili að (Oslo-samþykktin ásamt viðaukum og skýringum).

Um skipamælingar eru hins vegar sérstök lög. Lög um skipamælingar nr. 50/1970, og samkvæmt þeim lögum (og fyrri hliðstæðum lögum) hafa alþjóðasamþykktir um skipamælingar verið staðfestar af Íslands hálfu.

Aldrei fyrr hefur, að því er ég bezt veit, komið til greina, að lögin um eftirlit með skipum gætu náð til mælinga skipa, enda er hér um sjálfstæða málaflokka að ræða. Til skamms tíma var skráning skipa og mæling skipa við sérstakt embætti, sem heyrði þá undir annað ráðuneyti, fjármálaráðuneytið, en eftirlit með skipum, er heyrði undir samgönguráðuneytið. Þegar embætti siglingamálastjóra var stofnað árið 1970, var engin efnisleg breyting gerð á þessu fyrirkomulagi þessara málaflokka. Heildarlög eru um Siglingamálastofnun ríkisins, og sérlæg eru um eftirlit með skipum, um skipamælingu og um skráningu skipa.

Þannig fæ ég ekki séð, að IV. kafla laganna um eftirlit með skipum, sem fjallar um skoðun skipa, né aðrir liðir þeirra laga geti haft gildi um mælingu skipa.

Í lögnum um skipamælingar, nr. 50/1970, get ég hins vegar

hvergi fundið nein ákvæði um það, að siglingadómi sé falið að skera úr um efnislega túlkun alþjóðasamþykktta um mælingu skipa.

Mæling skipa er býsna flókið mál, og Oslo-samþykktin gerir ráð fyrir reglulegum fundum mælingasérfræðinga aðildarríkjanna til að túlka einstök vafaatriði til að tryggja það, að mæling skipa aðildarríkjanna sé gerð eins og bezt er hægt á sama hátt. Í reynd er þetta þannig, að þegar um vafaatriði er að ræða, þá er oft haft beint samband milli sérfræðinga aðildarríkjanna og vafamálin rædd. Þar eð þessir kúlulaga farmgeymar fyrir laust sement eru mikið notaðir í öðrum löndum, þá hafði skipamælingamaður Siglingamálastofnunar ríkisins beint samband við skipamælingadeild norsku Siglingamálastofnunarinnar, sem er ritaraðili Oslo-samþykktarinnar. Í því samtali var staðfest, að önnur aðildarlönd Oslo-samþykktarinnar mæla þessa kúlulaga farmgeyma þannig, að sá hluti geymanna, sem er undir fleti aðalþilfars, mælist með í brúttórúmlestatölu skipsins og sá hluti kúlulaga geymanna, sem er yfir þilfarsfleti, mælist með sem lúguviðauki í brúttórúmlestatölunni á þann hátt sem nánar er skilgreint í 56. grein Oslo-samþykktarinnar. Þessi aðferð hefur verið notuð af öllum aðildarríkjum Oslo-samþykktarinnar í samræmi við ákvörðun á fundi mælinga-sérfræðinga Oslo-samþykktarlanda, sem haldinn var í Hamborg árið 1958.

Til frekara öryggis sendi ég síðar teikningu af SKEIÐFAXA ásamt mælibréfi til Siglingamálastofnunarinnar í Oslo og hefi fengið staðfest bréflega, að skipið hefur verið mælt á sama hátt og önnur Oslo-samþykktarlönd mæla slík skip.

Hinsvegar má af framansögðu ljóst vera, að það er eigi verkefni siglingadóms að annast yfirmat á skipamælingum og túlkun alþjóðasamþykktar með viðaukum og skýringum um mælingu skipa, enda er í lögum um skipamælingar nr. 50/1970 ekkert ákvæði um, að svo sé. Í 39. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 52/1970, þar sem annars er fjallað um hlutverk siglingadóms, er heldur ekkert á slíkt verkefni minnzt, enda eru þau lög um skoðun skipa, en ekki mælingu skipa né skráningu þeirra.“

### III.

Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfu varnaradilja þann 23. okt. 1978.

Varnaraðili hélt þá fast við kröfur þær, sem fram koma í kafla II hér að framan, með þeim rökum, sem þar greinir frá.

Af hálfu sóknaraðilja voru þær kröfur gerðar í þessum þætti málsins, að frávísunarkröfu varnaraðilja yrði hrundið og varnaraðilja yrði gert að greiða sóknaraðilja málskostnað í þessum þætti málsins.

Af hálfu sóknaraðilja er því haldið fram, að íslenskir dómstólar eigi að skera efnislega úr þeim ágreiningi, sem málið er risið af, og sá dómstóll, sem ágreiningsmálið falli undir, sé tvímælalaust siglingadómur. Upptalningin í 39. gr. laga nr. 52/1970 um eftirlit með skipum sé ekki tæmandi. Í þessu tilfelli eigi að beita analogíu 21. gr. laga nr. 52/1970 um ágreiningsmál, sem skapast af mælingu skipa. Beri siglingadómi því að skera úr um slíkt ágreiningsmál efnislega. Skoðun skipa og mæling skipa, sem Siglingamálastofnun annist, séu svo nátengd störf og lík, að eðlilegt sé að álykta, að sami dómstóll fjalli um hugsanlegar rangtúlkningar bæði á lögum um eftirlit með skipum og lögum um mælingu skipa. Beri því að hafna frávísunarkröfunni.

#### IV.

Í lögum nr. 52/1970 um eftirlit með skipum, sbr. lög nr. 52/1972 um breytingu á þeim lögum, segir svo í 39. gr.:

„Hlutverk siglingadóms er:

1. Að skera úr um, hvort skoðun á skipi skuli fram fara, annast yfirskoðunargerðir og kveðja yfirskoðunarmenn, eins og nánar greinir í 21. gr.
2. Að skera úr um, hvort farbann skuli lagt á skip, og dæma um gildi farbanns, svo sem getið er í 36. gr.
3. Að fara með dómstörf í opinberum málum út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum í samræmi við ákvæði 40. gr.“

Siglingadómur er sérdómstóll.

Í lögum nr. 52/1970 um eftirlit með skipum er hvergi að finna fyrir mæli um, að siglingadómur eigi að fjalla um ágreining út af mælingu skipa. Lög nr. 50/1970 um mælingu skipa hafa heldur ekki að geyma ákvæði þess efnis, að siglingadómur hafi dómvald í slíkum málum. Með því að eigi verður séð, að önnur lagaákvæði eða réttarheimildir leggi ágreiningsefni það, sem mál þetta fjallar um, undir úrskurðarvald siglingadóms, ber að vísa málinu frá siglingadómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.



Bjarni Kristinn Bjarnason, formaður siglingadóms, kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Einari Thoroddsen, Jóni Björnssyni, Jóni B. Hafsteinssyni og Viggó Maack.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá siglingadómi.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 22. nóvember 1978.

Nr. 168/1976. **Kári Einarsson**

(Árni Guðjónsson hrl.)

gegn

**Almennum Tryggingum h/f**

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Sáttaumleitun. Ömerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. september 1976. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdu til að greiða sér 7.960.81 bandaríkjadal eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum á greiðsludegi svo og vexti, sem verði ákveðnir þannig: **Aðallega 15% ársvextir** af 9.750.00 dölum frá 17. október 1974 til 29. september 1975, af 9.142.84 dölum frá þeim degi til 27. nóvember 1975 og af 7.960.81 dal frá þeim degi til 1. maí 1976, en **15¾% ársvextir** af síðastgreindri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. **Til vara 9% ársvextir** af framangreindum fjárhæðum reiknað á sama hátt og til er tekið í aðalkröfu. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.